

Stefnumótun Rannsóknasjóðs

Inngangur.

Í aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014 – 2016 er gert ráð fyrir 1,4 milljarða króna hækkun á Rannsóknasjóði frá árinu 2014 til 2016. Þetta er umtalsverð hækkun og mikilvægt að þetta aukna framlag nýtist íslensku vísindasamfélagi sem best og að sjóðurinn festi sig í sessi sem eitt mikilvægasta tæki íslensks samfélags til eflingar vísindastarfs og framhaldsmenntunar. Með þessari stækkun gefst tækifæri til að laga sjóðinn að þörfum vísindasamfélagsins, nýta ný tækifæri, efla nýliðun og auka slagkraft íslenskra vísindamanna á alþjóðavettvangi.

Í stefnumótun sinni hefur stjórn Rannsóknasjóðs lagt áherslu á samtal við vísindasamfélagið og staðið fyrir opnum fundum hagsmunahópa þar sem vísindamennirnir sjálfir hafa fengið tækifæri til að móta ferlið.

Fjöldi atriða hafa komið upp á þessum fundum og eru þau hér flokkuð undir annað af tveimur höfuðatriðum; Styrkir og Matsferli og fagráð.

Styrkir

Markmið sjóðsins verður að koma til móts við mismunandi þarfir ólíkra fræðasviða, vísindamanna og/eða rannsóknaverkefna. Þannig verður hægt að sækja um, auk hefðbundinna styrktegunda, allt frá stórum uppbyggingarstyrkjum til minni styrkja fyrir tilfallandi kostnaði.

Áfram verða í boði styrkir til afmarkaðra rannsóknaverkefna en hámark verkefnisstyrkja verður hækkað með það fyrir augum að mæta betur mismunandi fjárförf verkefna. Áfram verður stutt við nýdaktora og sérstakir styrkir til doktorsnáms verða nú í boði.

Verkefnastyrkir

Markmið Verkefnastyrkja verður að styrkja skilgreind rannsóknaverkefni með skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun.

Verkefnisstyrkur verður að hámarki 45 milljónir fyrir þriggja ára verkefni.

Gert er ráð fyrir fjármögnun allt að 25% kostnaðar vegna samreksturs og aðstöðu og leggst sú upphæð ofan á styrk.

Öndvegisstyrkir

Öndvegisstyrkjum er ætlað að fjármagna stór rannsóknaverkefni. Verkefnin eru vel skilgreind og markmið skýr. Gert er ráð fyrir samstarfi rannsóknahópa og aðkomu framhaldsnema.

Öndvegisstyrkur er að hámarki 105 milljónir fyrir þriggja ára verkefni.

Rannsóknastöðustyrkir

Rannsóknastöðustyrkir verða veittir vísindamönnum sem lokið hafa doktorsnámi innan við 7 árum frá umsóknarfresti.

Rannsóknastöðustyrkur er að hámarki 21 milljón fyrir þriggja ára verkefni.

Gert er ráð fyrir fjármögnun allt að 25% kostnaðar vegna samreksturs og aðstöðu og leggst sú upphæð ofan á styrk.

Doktorsnemastyrkir

Doktorsnemar geta sótt um styrk fyrir framfærslu til allt að þriggja ára. Umsókn verður metin á grundvelli verkefnis, hæfni nema og hæfni og ferils leiðbeinanda. Stofnun er ábyrg fyrir öðrum kostnaði við verkefnið en launakostnaði.

Doktorsnemastyrkur er að hámarki 12,6 milljónir fyrir þriggja ára verkefni.

Áfram verður hægt að sækja um laun fyrir doktorsnema í verkefnastyrkjum og öndvegisstyrkjum.

Gert er ráð fyrir fjármögnun allt að 25% kostnaðar vegna samreksturs og aðstöðu og leggst sú upphæð ofan á styrk.

Styrkir á hlaupandi umsóknarfresti (frá 2016)

- Inngangsstyrkir til undirbúnings umsókna um stærri styrki (pilot rannsóknir, samstarfsundirbúningur...)
- Framlengingarstyrkir (allt að eins árs framlenging á verkefni. Háð gæðamati.)
- Laun M.Sc. nema (fyrir verkefni sem þegar eru í gangi verður hægt að sækja um laun viðbótar M.Sc. nema í allt að eitt ár. Háð gæðamati)
- Birtingarstyrkir (til að standa straum af kostnaði við birtingar t.d. í open access tímaritum. Fyrirfram ákveðinn pottur)
- Ferðastyrkir (til að standa straum af óvæntum ferðakostnaði sem tilheyrir styrktu verkefni. Fyrirfram ákveðinn pottur)
- Samfjármögnun alþjóðlegra verkefna eins og ERA neta

Til að byrja með gert ráð fyrir 50 milljónum í þessa styrki.

Stórir styrkir með sérstökum umsóknarfresti (haust 2015)

Styrkir til eflingar samstarfs rannsóknahópa og fyrirtækja með það að markmiði að auka samkeppnishæfni þeirra á alþjóðlegan mælikvarða og stuðla að sókn í erlenda samkeppnissjóði og markaði.

- Virkt og vel skilgreint samstarf við erlenda rannsóknarhópa
- Þverfagleiki
- Virk þátttaka ungra vísindamanna
- Áhersla lögð á „added value“ samstarfsins
- Samfélagslegar áskoranir
- 100 milljónir/ári í allt að þrjú ár (25% overhead innifalið)

Inngöngustyrkir ungra vísindamanna (start-up) (frá 2015)

Styrkir til að auðvelda ungum framúrskarandi vísindamönnum í upphafi ferils t.d. með því að byggja upp eigin rannsóknahóp.

- 2-7 ár eftir doktorspróf
- Sterkur rannsókniferill
- Sjálfstæði í rannsóknum (birt án þátttöku leiðbeinanda úr doktorsnámi)
- 25 milljónir/ári í allt að fimm ár (25% overhead innifalið)

Matsferli og fagráð

Tiltrú á matsferlinu er mikilvæg og hefur sjóðurinn í gegnum árin gert margskonar breytingar á því til að auka gæði ferlisins t.d. með því að senda allar umsóknir til umsagnar hjá erlendum vísindamönnum og fjölga útlendingum í fagráðum. Það er mat stjórnar Rannsóknasjóðs að gera megi enn betur og leggur til að fagráðum verði fjölgað þannig að sérfræðipækking innan þeirra nýtist sem best. Fjölgun fagráða hefur einnig í för með sér færri umsóknir á hvern fagráðsmann sem eykur gæði enn frekar. Áfram verða allar umsóknir metnar erlendis.

Vísindaleg gæði doktorsnemaumsókna og vísindaferill leiðbeinanda verði metnir erlendis meðan hæfni nema og hæfni leiðbeinanda sem slíks verða metin af fagráði.

Vægi þverfaglegra rannsókna vex stöðugt og kallað hefur verið eftir formfastara ferli á umfjöllun um þverfaglegar rannsóknir hjá Rannsóknasjóði. Stjórn sjóðsins hefur lagt til matsferli fyrir þverfaglegar umsóknir sem verður prufukeyrt í mati á umsóknum fyrir styrkár 2016 og endurbætt byggt á þeirri reynslu sem safnast upp.

Matsferli fyrir stórar umsóknir sem auglýstar eru sérstaklega verður ákveðið í hverju tilfelli fyrir sig en ráðgert er að nýta erlend fagráð í meira mæli en hefur verið hingað til þar sem í sumum tilfellum má gera ráð fyrir almennu vanhæfi íslenskra vísindamanna í mati á slíkum umsóknum.

Fagráð

Raunvísindi

Verkfræði

Náttúrufræði I (líffræði)

Náttúrufræði II (jarðvísindi)

Lífvísindi

Heilbrigðisvísindi (klínískar rannsóknir og lýðheilsa)

Félagsvísindi

Hugvísindi og listir

Þverfaglegar umsóknir

Sífelld fleiri rannsóknaviðfangsefni krefjast þverfaglegrar nálgunar. Þverfaglegum umsóknum mun verða veitt í sérstakt ferli þar sem reynt verður að leggja mat ekki eingöngu á mismunandi fagbundna þætti umsóknar heldur einnig sjálfa þverfaglegu nálgunina. Umsækjendur munu þurfa að rökstyðja hvers vegna þeirra umsókn eigi að fara í þetta ferli og munu viðkomandi fagráð taka ákvörðun um hvort það er viðeigandi. Ferlið verður í stuttu máli svona:

- Þverfaglegar umsóknir verða merktar öllum fagráðum sem umsækjandi telur viðeigandi.
- Lesarar úr öllum viðeigandi fagráðum. Lesarar koma sameiginlega að vali á ytri umsagnaraðilum (a.m.k. 3/umsókn).
- Umsagnaraðilar eru valdir á grundvelli fagþekkingar sinnar á sviðinu en einnig á grundvelli þekkingar og reynslu í þverfaglegum rannsóknum.
- Mat er samþykkt af aðilum allra viðkomandi fagráða en afgreitt úr einu „heimafagráði“.